

# BLOGG



Í gamla daga héldu margir krakkar dagbækur. Það sem skrifað var í þessar bækur var oftast einkamál þess sem skrifaði. Á sumum dagbókum var meira að segja lás þannig að öruggt væri að enginn gæti lesið nema eigandinn.

Þegar bloggið kom til sögunnar hóf fjöldi barna og unglinga að segja frá lífi sínu og skoðunum á vefnum. Það getur verið gaman að blogga en munurinn er sá að allir geta lesið þessar hugrenningar.

Sérstakt málfar hefur orðið til á blogginu. Þar er ekki farið eftir ströngustu reglum um stafsetningu og gott íslenskt málfar.

Hér fyrir neðan eru dæmi um texta af bloggsíðum. Lesið nú þessa texta. Hvernig má færa þá til betri vegar? Þið getið valið annan eða báða eftir atvikum og reynt að færa þá yfir á eins góða íslensku og þið getið.

## **Blogg framhaldsskólanema**

*ég sagðist koma með nýtt blogg núna eftir helgi en því miður verð ég að fresta því um óákveðinn tíma vegna mikilla anna núna þessa vikuna ... hann artí fartí Jón er ekki allveg í upphaldi hjá mér þessa stundina og ég er eflaust ekki sá eini í bekknum sem er á þeirri skoðun. hann myndi fíla sig vel á kaffi nelly með öllum artí fartí treflavinum sínum drekkandi kaffi latte og bullandi um ljóð eða eitthvað... nenni ekki að blogga meira um það núna. meira seinna.*

---

---

---

---

---

---

---

---

# BLOGG

## **Blogg grunnskólanema**

*vinkona min hún var sko að halda sleepover i geggt flotta kjallarum sínum og hénna hún bauð mörgum strákum og það var sko geggt gaman og hénna 1 strákur reyndi að hözzlera mig og ég var eitthvað með honum þússt í hálfan dag og daginn eftir þá sagdi vinkona min ad hann væri geggt skotinn i mér og að vid værum byrjuð saman en hénna ég vil það ekki hann á kærustu og ég er hrifin af allt öðrum strák og nú finnst vinkonu minni að ég sé mean við hann en sleepoverið var sko fyrir 2 mánuðum. já vil sko engin svona leiðindi takk fyrir*

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

# BLOGG

Hér koma svo nokkrar setningar sem teknar eru af bloggsíðum. Þið getið þelt í þeim og fært yfir á það sem venjulega er kallað gott íslenskt málfar. Það má örugglega fara margar leiðir til að koma sömu hugsun til skila. Íslenskan býr yfir mjög blæbrigðaríkum orðaforða. Stundum er sagt að til séu íslensk hugtök yfir allt sem hugsað er á jörðu.

*Mér finnst þetta allt voða hip og kúl, arty farty og allt það... en ég er ekki sammála að þetta eigi að vera þarna for ever.*

*Í þessari viku er ég eilla ekki búin að vera að gera neitt bara svona aðeins eikkað að tjilla.*

*Finnst nú bara alveg ótrúlega smart að posta tónlist samt þegar maður finnur sér eitthvað nýtt eða uppgötvar eða er alveg stoned yfir því hvað maður hefur æðislegan tónlistarsmekk.*

*En þetta með skonrokk er synd og skömm. Hlustaði ekkert á r.reykjavík eða x-ið, en ég mun gráta skonrokk í 4 mínútur á hverjum degi þangað til þeir finna eitthvað til að matsja hana.*